

Ár 2024, þriðjudaginn 5. nóvember er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Helga R. Magnússyni.

### Fyrir er tekið málið nr. 10/2024:

Málskotsnefnd KSÍ  
gegn  
Knattspyrnufélagi ÍA

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

#### I.

#### Aðilar máls:

Kærandi:  
Málskotsnefnd KSÍ

Kærði:  
Knattspyrnufélag ÍA

#### II.

#### Málsatvik:

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 5. nóvember 2024 var tekin fyrir greinargerð sem málskotsnefnd KSÍ sendi til nefndarinnar þann 22. október sl. á grundvelli 21. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð málskotsnefndar að málið varði ósæmilega framkomu Jóns Þórs Haukssonar þjálfara ÍA í mfl. karla., í viðtali sem birtist á vefmiðlinum mbl.is, þann 19. október 2024. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati málskotsnefndar til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að heiðarleika og heilindum dómara í leik ÍA og Víkings R. í Bestu deild karla, þann 19. október sl.

Ummæli sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra eru eftirfarandi:

„Það er ljóst að dómari var með eitthvað markmið í þessum leik, eða þá að hann átti alveg rosalega slakan dag. Hann var alveg hræðilegur og það bitnaði á okkur. Í sigurmarkinu þeirra er brotið á Johannesi Vall. Ég veit ekki hvort dómari hafi verið með æðra markmið í þessu í dag en það er klárt mál að hann stal þessum sigri frá okkur.“

Í samræmi við grein 21.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál ber að fara með mál, sem málskotsnefnd KSÍ vísar til nefndarinnar á grundvelli 21. greinar, eins og um kærsmål sé að ræða. Greinargerðin málskotsnefndar var því send til

ÍA og félaginu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 29. október 2024.

Á fundi nefndarinnar 29. október 2024 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 28. október sl. frá knattspyrnufélagi ÍA. Í greinargerðinni kemur m.a. eftirfarandi fram:

*„Hvað ummælin varðar sérstaklega þá er í texta mbl.is látið líta út fyrir að um beina tilvitnun í þjálfarann sé að ræða. Við hlustum á upptöku má ljóst vera að svo er ekki, sem er verulega ámælisvert af blaðamanni. Í viðtalinu við þjálfarann kemur upp orðið „agenda“, en áður að því er komið er settur sterkur fyrirvari. Allt annað í viðtalinu lítur að slæmri frammistöðu dómarsins. Ef önnur viðtöl við þjálfarann vegna sama leiks eru skoðuð má sjá að allt hans tal beinist að verulega slæmri frammistöðu dómarsins án þess að nokkuð annað sé gefið til kynna. Að hafa þá skoðun að dómari hafi staðið sig illa er ekki ámælisvert. Sú grunur vaknar að umræddur blaðamaður mbl.is hafi leynt og ljóst verið að sækjast eftir því að Jón Þór Hauksson myndi tjá sig með óviðeigandi hætti um dómara leiksins. Ummerki þess sjást vel í fyrirsögn fréttarinnar sem er einhvers konar „smellubeita“. Ekki verður á það fallist að í svörum Jóns Þórs við leiðandi spurningum blaðamanns felist að hann hafi dregið heilindi dómarsins í vafa.“*

Vegna greinargerðar ÍA, ákvað aga- og úrskurðarnefndar að fresta afgreiðslu málsins um eina viku og óska eftir upptöku af umræddu viðtali frá mbl.is. Á fundi nefndarinnar þann 5. nóvember, lá upptakan fyrir.

### III.

#### Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort framkoma þjálfara mfl. karla hjá ÍA, Jóns Þórs Haukssonar, sem vitnað er til í greinargerð frá málskotsnefndar KSÍ, dags. 22. október sl., falli undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Málskotsnefnd KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skadað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.“*

Með vísan til greinar 4.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skulu félög, iðkendur, forystumenn og aðrir jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik, sbr. grein 4.2. sömu reglugerðar. Ennfremur segir í grein 5.10. laga KSÍ, að sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa

hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

Í greinargerð ÍA er því m.a. hafnað að rétt sé eftir þjálfara ÍA haft í umræddu viðtali við mbl.is Við hlustun á upptöku megi vera ljóst að ekki gæti nákvæmni í því sem eftir þjálfaranum er haft. Fyrirsögn fréttar hafi verið úr samhengi og til þess fallin að fá þá sem sjá hana að smella að á fréttina og uppskera þannig aukinn lestur. Þá er því mótmælt af hálfu ÍA að notað sé sem refsigrundvöllur einstök ummæli sem birtast í texta þar sem ekki er með nákvæmum hætti eftir honum haft.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar, eftir hlustun á upptöku af umræddu viðtali og að virtum öðrum fyrirliggjandi gögnum, að tilvitnuð ummæli Jón Þórs Haukssona í frétt mbl.is séu í fullu samræmi við ummæli hans á upptöku og að ummælin hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Jóns Þórs undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 200.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 5. nóvember 2024 að sekta knattspyrnufélag ÍA, um kr. 75.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Jóns Þórs Haukssonar.

#### IV.

#### Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélag ÍA skal sæta sekt að upphæð kr. 75.000,- til KSÍ.

#### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Andri Valur Ívarsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]